

Fundur í fagráði nautgriparæktar 26. október 2022

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 26. október 2022 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Guðrún Björg Egilsdóttir, Björn S. Gunnarsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Egill Gunnarsson, Sigtryggur V. Herbertsson og Sigurbjörg Bergsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Breyting á heildareinkunn
3. Nýtt erfðamat – nautaval
4. Nautsmæðraval með erfðamengjaúrvali
5. Val og kaup á nautkálfum
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 26. september 2022, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

Formaður óskaði kúabændum og RML til hamingju þann áfanga að erfðamat væri að líta dagsins ljós. Það væri stórkostlegt að koma því í notkun á sama tíma og Egill Gautason væri að fara að verja sína doktorsritgerð.

2. Breyting á heildareinkunn.

Guðmundur fór yfir að forsendur fyrir því að vera með mismunandi heildareinkunn fyrir naut og kýr væru brostnar en það hefði verið gert á sínum tíma vegna þess að ekki var reiknað endingarmat fyrir kýr. Breytt endingarmat hefði hins vegar gert kleift að reikna endingarmat fyrir kýr og því væri ástæðulaust annað en að vera bara með eina heildareinkunn fyrir bæði naut og kýr. Samþykkt að fella heildareinkunn fyrir kýr niður og notuð verði sú heildareinkunn sem gildir fyrir naut í dag.

3. Nýtt erfðamat - nautaval.

Guðmundur fór yfir niðurstöður erfðamats sem Þórdís Þórarinsdóttir lauk við að keyra fyrir örfáum dögum. Öryggi er meira en með hefðbundnu kynbótamati en þó er það áfram þannig að reynd naut með dætraupplýsingar eru með langhæsta öryggið. Öryggi á arfgerðargreindum gripum er þar á eftir og öryggi á óarfgerðargreindum gripum er jafnt því sem það var áður.

Niðurstöður matsins sýna að í nautaárgögnum 2017-2021 er að finna fjölda frambærilegra nauta sem munu verða til notkunar fram á árið 2024. Guðmundur lagði fram eftirfarandi tillögu að nautum í notkun næstu vikur; Bikar 16008, Jarfi 16016, Herkir 16069, Þróttur 17023, Búkki 17031, Ós 17034, Títan 17036, Óberon 17046, Barón 17050, Ítali 17056, Beykir 18031, Tindur 19025, Skáldi 19036, Kvóti

19042, Samson 19060, Marmari 20011, Banani 20017, Svarfi 20027, Keilir 20031, Garpur 20044, Óðinn 21002 og Hákon 21007.

Við gerð tillöguna var horft til þess að blanda saman afkvæmaprófuðum nautum og nautum með erfðamat samhliða því að dreifa faðerni þeirra mikið. Þannig eru feður þessara 22 nauta 14 talsins.

Samhliða því að þessi naut koma til dreifingar verður notkun óreyndra nauta hætt og sá nautaflokkur heyrir sögunni til.

Þá var ákveðið að öll naut í notkun á hverjum tíma koma til greina sem nauksfeður, ekki verður lengur um það að ræða að naut verði merkt sérstaklega sem nauksfeður.

Bréf til BÍ varðandi að sýnatökur verði skylda.

4. Nauksmæðra val með erfðamengjaúrvali.

Val á nauksmæðrum með erfðamengjaúrvali mun ekki taka miklum breytingum heldur verður frekar um ákveðnar áherslubreytingar að ræða. Í augnablikinu má segja að verið sé í ákveðnu aðlögunarferli þar sem stór hluti þeirra kúa sem eru í framleiðslu nú eru fæddar 2019-2020 en lítið er til af arfgerðargreindum gripum fæddum 2019-2021. Nauksmæðra valið mun því ekki byggja á arfgerðargreiningum í miklum mæli fyrr en gripir fæddir 2022 koma til framleiðslu.

5. Val og kaup á naukálfum.

Val og kaup á naukálfum á nautastöðina er einnig í aðlögunarferli að breyttu kynbótaskipulagi. Stefnt er að því að byggja valið sem allra fyrst á arfgerðargreiningum þannig að grundvallist af erfðamati. Þetta þýðir að naukálfa undan nauksmæðrum þarf að arfgerðargreina og reikna erfðamat fyrir áður en ákvörðun um kaup verður tekin. Þetta kallar á ákveðið ferli við sýnatöku, innsendingu sýna og forgang þeirra í greiningu.

Til stendur að vinna nánara skipulag varðandi val á nauksmæðrum og naukálfum þar sem dregin verði upp sviðsmynd með hermílikani til þess að ákvarða fjölda nauksmæðra á hverjum, fjölda kálfa sem þarf að arfgerðargreina og hver fjöldi keyþra naukálfa á að vera. Þar til það hefur verið gert verður miðað við að kaupa um 35 kálfa á nautastöð á ári og byggja valið á arfgerðargreiningum a.m.k. 10 sinnum fleiri kálfa.

6. Önnur mál.

Rætt um ferli umsókna um þróunarsjóð og það að umsóknakerfið í Afurð sé ófullnægjandi. Umsækjendur geta ekki séð eldri umsóknir né heldur afgreiðslu þeirra. Þá hefur afgreiðsla umsókna tafist úr hófi fram hjá ráðuneytinu. Guðrún Björg ræði málið innan BÍ og hafi síðan samband við ráðuneytið varðandi það að gerð verði bragarbót á.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Þórdís Þórarinsdóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 26. september 2022
2. Helstu niðurstöður erfðamats í október 2022